

N-lax ehf.  
Laxamýri  
641 Húsavík

Akureyri, 30.5.2023  
UST202302-151/G.S.Á.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 03.05.2023 – N-lax ehf., Laxamýri**

Þann 3. maí sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð N-lax ehf., Laxamýri, Húsavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:**

1. Ábending er sett fram um að skila þarf inn tryggingaskírteini fyrir hvert og eitt starfsleyfi rekstraraðila. Ekki er heimilt að tilgreina mörg leyfi á sama skírteininu og verður að koma skýrt fram fyrir hvaða starfsstöð tryggingin gildir.
2. Ábending er sett fram um að merkja þurfi niðurstöður sýnatöku betur svo sjá megi við hvaða mælistað niðurstöðurnar eiga. Einnig skal taka viðmiðunarsýni fyrir núllpunkt og reikna skal magn losunarefna í kg/tonn af framleiddum fiski.
3. Ábending er einnig sett fram um að ítrekað þurfti að kalla eftir nauðsynlegum gögnum að eftirliti loknu en skv.57. gr. rg. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal rekstraraðili afla allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins.

**Eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Frá ákvæðum starfsleyfis. Starfsleyfið er gefið út með 20 tonna framleiðsluheimild á ári. Framleiðslumagn ársins 2022 var um 25 tonn. Rekstraraðili hefur sent inn umsókn til eftirlitsaðila um aukið umfang, eða allt að 50 tonnum á ári og er sú umsókn enn í vinnslu.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. júní 2023.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur